

Forsætisnefnd

Endurskoðun reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Vísað er til fyrri bréfa skrifstofu borgarstjórnar til forsætisnefndar, um sama efni. Á fundi forsætisnefndar 31. maí sl. var samþykkt að óska eftir umsögn Persónuverndar um drög að endurskoðuðum reglum skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa og trúnaðarstarfa utan borgarstjórnar. Á fundi forsætisnefndar 14. júní sl. var forsætisnefnd kynnt drög að mati á áhrifum á persónuvernd samkvæmt 35. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar nr. 2016/679 sbr. ákvæði 29. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 vegna endurskoðunarinnar og fyrirætlan um að óska þess að Persónuvernd veitti Reykjavíkurborg fyrirframsamráð í samræmi við ákvæði 30. gr. laganna.

Skrifstofu borgarstjórnar og persónuverndarfulltrúa hefur borist svar Persónuverndar dags 28. ágúst sl. við erindi Reykjavíkurborgar vegna málsins þar sem bent er á að gildissvið þeirra reglugragna sem fyrir liggja er hvergi afmarkað með skýrum hætti. Sé ætlunin að hagsmunaskráning borgarfulltrúa sé valkvæð þyrfti að lágmarki að taka af öll tvímæli um gildissvið reglnanna auk þess sem endurskoða þarf allt orðalag sem er til þess fallið að skapa vafa að þessu leyti þar með talið ákvæði 8. gr. um eftirfylgni. Að öðru leyti er það niðurstaða Persónuverndar að ekkert sé því til fyrirstöðu að bjóða upp á valkvæða skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa sem farið geti fram á grundvelli samþykkis hins skráða sbr. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 90/201, sbr einnig a-lið 1. mgr. 6. reglugerðar (ESB) 2016/679. Persónuvernd telur jafnframt að fyrirliggjandi drög þarfnist enn nokkurra lagfæringa.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd feli skrifstofu borgarstjórnar að gera lagfæringar á fyrirliggjandi drögum að endurskoðuðum reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar í samræmi við ábendingar Persónuverndar.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Bréf Persónuverndar 28. ágúst 2019

Bréf skrifstofu borgarstjórnar 16. ágúst 2019

Bréf Persónuverndar dags. 14. ágúst 2019

Mat á áhrifum á persónuvernd dags. 7. júní 2019

Bréf persónuverndarfulltrúa Reykjavíkur til Persónuverndar dags. 7. júní 2019

Bréf skrifstofu borgarstjórnar 12. júní 2019

Bréf skrifstofu borgarstjórnar 29. maí 2019